

Mál nr. 153/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. maí, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 15. september 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók á Bæjarhálsi við gatnamótin að Tunguhálsi þann 28. maí 2020. M fann til í baki eftir áreksturinn og leitaði sama dag á heilsugæsluna í Árbæ og svo einnig á bráðamóttöku Landsspítalans. Á bráðamóttöku kvartaði M undan verkjum í hálsi, öllu baki, hægri hendi og hægri mjöðm/rasssvæði. Leitaði M mörgum sinnum til heilsugæslunnar vegna einkenna sinna eftir slysið næstu mánuði og var með öllu óvinnufær a.m.k. fram í ágúst 2020 samkvæmt fyrirbyggjandi vottorðum til atvinnurekenda v/fjarvista. M tilkynnti um líkamstjón til V eftir að hafa leitað til lögmanns vegna slyssins. Með bréfi dags. 7. júní 2021 tilkynnti V að það hefði aflað PC-Crash skýrslu frá Aðstoð & Öryggi þar sem reiknaðir voru út þyngdarkraftar beggja ökutækja. Samkvæmt þeim útreikningi var árekstur bifreiðanna mjög vægur og hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X á þeim grundvelli að ósannað væri að um orsakatengsl væri að ræða milli slyssins og meintra líkamsáverka M.

M telur að orsakatengsl séu milli slyssins og líkamsáverka hans og að vafasamt sé að byggja höfnun bótaskyldu alfarið á PC-Crash skýrslu. M kveðst ekki hafa sögu um fyrri líkamlega áverka og að hann hafi ekki lent í umferðarslysi áður. M telur PC-Crash skýrsluna ranga og hafi hún því ekkert gildi við greiningu líkamstjóns. Í málskoti rekur M nánar þá ágalla sem hann telur vera á skýrslunni m.a. að þar sé ranglega haldið fram að bifreið hans hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð sbr. það sem fram kemur í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. 28. maí 2020. Skýrslunnar hafi verið einhliða aflað og hafi hún því ekkert vægi fyrir rétti. Auk þess er eingöngu um líkindaútreikning að ræða sem gefi ágætis mynd af höggþyngd og hraða ökutækja en þær gefi hvorki skýra né góða mynd af því hvort og hversu mikið líkamstjón hlýst af atviki. Það geri læknisfræðileg gögn. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6/2015 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 máli sínu til stuðnings. Telur M sig eiga rétt til fullra skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann hlaut í umferðarslysinu þann 28. maí 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A vegna umferðaróhappsins þann 28. maí 2020. Kveðst V hafa aflað leiðréttrar PC-crash skýrslu sem dags. er 1. júní 2022. Niðurstaða hennar var óbreytt frá fyrri skýrslu. Þyngdarkraftur á ökutækið B var 0,52 g og á ökutæki A, 0,50 g. Telur V að kraftur í umræddum tjónsatburði hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama M. Beri að líta til þess að nánast engar skemmdir voru á bifreið M. Telur V að af fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum sé óljóst hvað orsaki þau einkenni sem hrjá M. Engir áverkar hafi greinst í röntgenrannsókn og segulómrannsókn, sjúkráþjálfun hefur ekki skilað árangri og verkjalyf slá ekki á þá verki sem M býr við. Það litla högg sem varð við áreksturinn þann 28. maí 2020 geti ekki skýrt þá einkennamynd sem M býr við.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. janúar 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að

áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs eftir slysið bæði á heilsugæslu og á slysadeild Landspítalans. Næstu mánuði var M óvinnufær og leitaði reglulega á heilsugæsluna vegna einkenna sinna. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá kvartaði M aðallega undan verkjum frá mjóbaki með leiðni niður í ganglim mánuðina eftir slysið. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um fyrra heilsufar M nema sjúkraskrá heilsugæslu sem nær eingöngu aftur til ársins 2015. Er því ekki ljóst hvort M hefur sögu um einkenni frá mjóbaki. Þá liggur ekki fyrir vottorð bæklunarlæknis eða frekari upplýsingar um meðferð sjúkraþjálfara sem hann leitaði til vegna þeirra einkenna sem hann rekur til slyssins. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskortum sem að ofan er lýst. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs A og B þann 28. maí 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir